

150. fundur skráningarráðs, 11. september kl. 9-11 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigurgeir Finnsson, Þorsteinn Doddi Jónsson

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gagnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gagnis.

Ritari: María Bjarkadóttir

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin.

Samþykkt án athugasemda.

2. „Order it!“ - staða –

Rætt um stöðu „Order it!“ og hvort eða hvernig það geti nýst. Að ýmsu er að huga ef notkun þess verður innleidd. Meðal annars þurfa söfn að nota sjóði til að það virki og þar sem verður til mjög einföld skráningarfærsla þarf að ákveða hver og hvernig á að fullklára færslur sem verða til þegar fíðusinn er notaður.

Ákveðið að ræða málið áfram í haust.

Sigrún spyr Ásdísi hvort allir sem eru með sjóðsheimild geti prófað „Order it!“.

3. „Skipulagning þekkingar“ námskeið – ályktun til HÍ

Rætt um ályktun á fræðslufundi skrásetjara þann 28. maí þar sem var ákveðið að senda áskorun til Háskóla Íslands vegna námskeiðsins „Skipulag þekkingar“. Ályktuninni verður fylgt eftir með því að senda áskorun til HÍ um að námskeiðið verði kennt árlega í stað annars hvers árs eins og nú er. Doddi, Sigrún og Kristín Lilja semja textann og leggja fyrir skráningarráð.

Ákveðið að hafa samband við Upplýsingu um að taka þátt.

Ákveðið að áskorunin verði send Jamie Johnston prófessor í Upplýsingafræði við HÍ.

4. Afturköllun skráningarheimilda – verkferill

Rætt um afturköllun skráningarheimilda, skilyrði og tímamörk.

Ákveðið að skráningarheimildir verði afturkallaðar eftir þrjú ár hafi skrásetjari ekki skráð neitt á þeim tíma. Skrásetjara skal tilkynnt í tölvupósti um afturköllun sé þess kostur. Ef óskað er eftir að skráningarheimild sé endurvakin skal meta hvert tilfelli fyrir sig og ákvarða hvort skrásetjari þurfi að sækja skráningarnámskeið aftur. Skrásetjarar sem fá heimild afturkallaða en vilja halda heimildinni setji sig í samband við Landskerfi sem sem vísar erindinu áfram á Skráningarráð.

Búinn til verkferill hjá Landskerfi sem heldur utan um lista yfir skrásetjara og kannar stöðuna eftir hvert skráningarnámskeið. Sigrún sendir upplýsingar um breytinguna á Vöndu.

5. Formleg bókfræðistefna – grunnstefna (sjá meðf. skjal sem kom í pósti frá Sigrúnu)

Sigrún kynnti hugmynd um formlega bókfræðistefnu, sem er skjal um kerfislega högun hjá samlögum út frá bókfræðigögnum. Sigrún setur upp einfalda stefnu og kynnir á næsta fundi.

6. Ritraðir vs. aðaltitill (eitthvað meira?)

Rætt um hvort sé æskilegt að nota númer og titil verkhauta 245 \$\$n og \$\$p eða hvort eigi að nota 490/800 fyrir sérúr eins og myndasögur. Bæði er leyfilegt en 490/800 er notendavænna. Þó er mikilvægt ef sería hefur verið skráð á ákveðinn hátt að halda áfram með sama hætti og gæta þannig samræmis innan seríu.

7. Fundur skráningarráðs á Akureyri

Rætt um að halda vinnufund skráningarráðs á Akureyri í haust. Ákveðið að halda fund í HA í nóvember. Sigríður bókar fundarsal og Sigrún kannar hvort verði farið fram og tilbaka frá Reykjavík samdægurs.

8. Önnur mál

- a) Óskað eftir undanþágu til að sækja skráningarnámskeið hjá Landskerfi fyrir starfsmann Borgarbókasafns.
Samþykkt.
- b) Kristín Lilja minnti á að framundan er innleiðing á nýjum RDA reglum sem þarf að taka föstum tökum í vetur. Ákveða þarf hvað verður tekið upp úr staðlinum. Málið verður rætt nánar á næsta fundi. Skráningarráð lesi grein Kristínar „IFLA LRM og RDA skráningarreglurnar“ í nýjasta tölublaði Bókasafnsins fyrir næsta fund.
- c) Kristín Lilja ræddi gervigreindaraðstoð í lýsigagnaritlinum, en hægt er að kveikja á gervigreind í raunumhverfi. Ýmislegt vantar upp á stillingar og nauðsynlegt að prófa og skoða hvaða fix er hægt að nota. Kristín Lilja og María prófa virknina og stilla svo hún sé eins góð og hún getur verið. Kynna stöðuna á næsta fundi.

Ekki fleira rætt og fundi slitið 10:15